

Tillaga til bæjarstjórnar frá bæjarfulltrúum Í-listans um málefni eldri borgara.

“Bæjarfulltrúar Í-listans leggja til að aukin þróttur verði settur í málefni eldri borgara í Ísafjarðarbæ. Í svari frá sviðsstjóra Velferðarsviðs við fyrirspurn frá Örmu Láru Jónsdóttur frá 24.september sl. kemur fram að margt hefur verið vel gert í málaflokknum en það eru fjölmörg tækifæri til að gera betur er varðar þjónustu við þennan hóp og einnig kom fram að húsnæðisvandi eldri borgara er aðkallandi.

Aldurssamsetning íbúa Ísafjarðarbæjar hefur breyst töluvert sl. ár eins og annars staðar á landinu með hækkingu lífaldri og bætum lífskjörum. Við þessum þarf að bregðast.

Þjónusta við eldri borgara í Ísafjarðarbæ:

Bæjarfulltrúar Í-listans leggja til að settur verði á fót vinnuhópur til að fara yfir þjónustu við aldraða í Ísafjarðarbæ með því markmiði að **samþætta betur heilbrigðis- og félagsþjónustu eldri borgara**, og móti tillögur um hvernig hægt er að bæta þjónustuna. Skoðað verði sérstaklega að breyta skipulagi þjónustunnar og að **útnefna umboðsmann aldraðra (eða tengilið)**. Ljóst má vera að hægt er að ná miklu árangri með teymisvinnu þeirra aðila sem koma að þjónustu við eldri borgara.

Vinnuhópurinn leggi áherslu á fyrirbyggjandi aðgerðir til að gera eldra fólki kleift að búa sem lengst heima hjá sér, halda sjálfstæði sínu, sjálfræði, reisn og virðingu eins og segir í skýrslu Halldórs S. Guðmundssonar *Virðing og reisn* sem kynnt var á ráðstefnu félags eldri borgara í Ísafjarðarbæ í síðustu viku. Aukin og samhæfð heimaþjónusta, sveigjanleg dagdvalarúrræði, aukin tæknivæðing og markviss stuðningur við aðstandendur aldraðra eru allt þættir sem stuðla að því að draga úr eftirspurn og þörf fyrir hjúkrunarrými. Það þarf að efla eldra fólk til að sjálfshjálpar og aðstoðað það við búa sem lengst heima hafi það færni til þess.

Vinnuhópurinn skoði sérstaklega **sveigjanlegar dagdvalir** sem er ein fljótvirkasta og skynsamlegasta leiðin til að mæta nýjum og aðkallandi áskorunum í að efla þjónustu við eldra fólk og þá sem í dag eru skráðir á biðlistum eftir hjúkrunarrými. Það myndi styðja við búsetu heima og nýta takmarkaða auðlind fagfólks á sem bestan hátt.

Vinnuhópurinn verði settur saman af starfsfólki bæjarins sem sinnir öldruðum, starfsfólki Heilbrigðisstofnunar, fulltrúum frá félagi eldri borgara í Ísafjarðarbæ, Öldungaráði Ísafjarðarbæjar og bæjarfulltrúum/fulltrúum úr Velferðarnefnd.

Húsnæðismál:

Bæjarfulltrúar Í-listans leggja til við bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar til að bæjarstjóra verði falið formlega að leita eftir samstarfi við landssamtök eldri borgara um að koma að uppbyggingu leiguhúsnæðis í Ísafjarðarbæ. Leigufélag aldraðra er húsnæðissjálfsseignarstofnun sem byggir hagkvæmar íbúðir til leigu fyrir eldri borgara og hefur komið að uppbyggingarverkefnum í öðrum sveitarfélögum með farsælum hætti, síðast á Akranesi. Þegar hugað er að húsnæði (íbúðakjarna) fyrir eldri borgara þarf að tryggja að það sé stutt í aðra þjónustu.

Bæjarfulltrúar Í-listans leggja einnig til að þær þrjár nýju íbúðir sem stendur til að útbúa á fjórðu hæðinni á Hlíf 1 verði leiguíbúðir enda eru 21 einstaklingur og þrenn hjón á biðlista eftir íbúð í húsinu.

Lagt er til að tillögunni verði vísað til umsagnar í velferðarnefnd og öldungaráðs.”